

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|-----------------------|------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 1.10.2013 | Fulltrúi UST | Leifur Þorkelsson |
| Fyrirtæki | Ísfélag Vestmannaeyja | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Eyrarvegur 16 | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 6601691219 | Flokkur | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Rafn Jónsson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 664973,026 638339,856 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni þar sem að magn svifagana í fráveituvatni var yfir þeim mörkum sem heimiluð eru í starfsleyfi. Gerðar voru athugasemdir við framkvæmd sýnatöku á fráveituvatni og skil á niðurstöðum TVN mælinga auk þess sem að viðbragðsáætlun vega bráðamengunar var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra. Vinnsla í verksmiðjunni hófst í um miðjan janúar sl. með vinnslu á loðnu og stóð sú vinnsla fram í mars. Vinnsla hófst aftur í byrjun ágúst með vinnslu á síld og makríl. Gert var ráð fyrir að vinnslu lyki um miðjan október. Grænubókhaldi vega ársins 2012 hefur verið skilað og það birt á vef Umhverfisstofnunar. Tvö ár eru liðin frá því að fyrirtækið sótti um nýtt starfsleyfi vegna starfseminnar.

Fram kom að framkvæmdum við ketilhús og meðhöndlun útblásturslofts lauk í árslok 2012. Lykteyðing útblásturslofts fer nú fram í efnaturalni en ekki með bruna eins og gert er ráð fyrir í lið 3.4. í starfsleyfi fyrirtækisins.

Reglulega er fylgst með fitugildru í plani verksmiðjunar og hún losuð eftir þörfum. Síðast í ágúst 2013. kvittun vegna losunar á gildrunni var til staðar

Sýnatökur á fráveituvatni frá verksmiðjunni fóru fram í febrúar sl. og var niðurstöðum þeirra skilað í eftirlitsferðinni ásamt upplýsingum um rennsli og hráefnisnotkun. Sá galli var hinsvegar á framkvæmd sýnatökunnar að ekki var tekið sýni af sjó inn í verksmiðjuna samhlíða útrásarsýninu og því ekki unnt að leggja mat á eiginlega losun verksmiðjunnar á COD og svifefnum. Fita í útrásarsýni mældist undir losunarmörkum starfsleyfis.

Farið var yfir frávik og athugasemdir frá síðustu eftirlitsskýrslu sem gerð var í kjölfar eftirlitsferðar þann 20.09.2012

Nú er tilkynnt til eftirlitsaðila þegar verksmiðjan er gangsett eftir meira en mánaðar stopp. Niðurstöður TVN mælinga hafa verið sendar til eftirlitsaðila en trúlega hafa þær verið sendar á rangt netfang. Ekki hefur verið brugðist við athugasemd varðandi viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar.

Gengið var verksmiðjuna og hún skoðuð. Vinnsla á síldar og makrílafskurð frá frystihúsi Ísfélags Vestmannaeyja á þórshöfn stóð yfir. Hráefnið er flutt til verksmiðjunnar í lokuðu kerfi. Snyrtilegt var um litast og ekki sáust um ummerki um mengun hvorki á athafnasvæði verksmiðjunnar né við útrásarlögn

Frávik frá

Grein 3.9 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Magn svifagna í fráveituvatni mælist yfir starfsleyfimörkum

ATHUGASEMDIR

Samhliða sýnatökum á fráveituvatni þarf að taka sýni af sjó inn í verksmiðjuna og láta mæla sömu þætti og í útrásarsýnинu þannig að unnt verði að leggja mat á heildarlosun frá verksmiðjunni


Niðurstöðum TVN mælinga skal senda í samræmi við ákvæði í grein 3.19. a) í starfsleyfi. Senda skal niðurstöðurnar á netfangið ust@ust.is

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram en hefur nú verið skilað til Umhverfisstofnunar.

ANNAÐ

Vakin er athygli á því að skv. bréfi frá Umhverfisstofnun dags. 11. október sl. hefur fyrirtækið frest til 25. nóvember nk. til að skila inn tímasettri úrbótaáætlun vegna notkunar á úrgangsolíu.

Reykjavík, 11.11.2013



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.